

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. janúar 2019
Tilvísun vor: M-2018-176 / 0.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, 416. mál.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, mál 416.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnti drög að frumvarpi um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða í Samráðsgátt stjórnvalda í júní sl. Landsvirkjun sendi umsögn um þau þann 15. ágúst 2018. Í framhaldinu sátu fulltrúar Landsvirkjunar fund í ráðuneytinu í október þar sem farið var yfir athugasemdir. Landsvirkjun þakkar góð vinnubrögð ráðuneytisins og fagnar þeim breytingum sem gerðar voru á frumvarpsdrögum áður en það var lagt fram á Alþingi.

Landsvirkjun styður markmið frumvarpsins að auka net- og upplýsingaöryggi. Raforkukerfið er ein grunnstoða samfélagsins og hefur Landsvirkjun því um áratugaskeið lagt áherslu á net og upplýsingaöryggi með aðstoð innlendra sem og erlendra sérfræðinga. Landsvirkjun á jafnframt og rekur ásamt Landsneti fjarskiptafyrirtæki (Orkufjarskipti hf.) í þeim tilgangi að tryggja öryggi raforkukerfisins. Fyrirtækið hefur þannig vaktað og sinnt eftirliti í samræmi við stjórnunarkerfi fyrirtækisins og telur mikilvægt að svo verði áfram.

Landsvirkjun telur mikilvægt að með frumvarpinu verði ekki gengið lengra en nauðsynlegt er með rafrænu eftirliti hins opinbera og telur að þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu séu til mikilla bóta. Landsvirkjun telur mikilvægt að ábyrgð á net- og upplýsingakerfum verði áfram hjá mikilvægum innviðum (þ.e. hjá rekstraraðilum sjálfum) en stjórnvöld hafi það hlutverk að veita slíkum aðilum stuðning með upplýsingagjöf, ráðgjöf og úttektum. Þeir rekstraraðilar sem eftir því óska geti falið slíkum stjórnvöldum frekara hlutverk sé þess óskað.

Hér að neðan er að finna athugasemdir Landsvirkjunar við nokkrar greinar fyrirleggjandi frumvarps:

i. 17. gr. aðgangur netöryggissveitar að upplýsingum.

Í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins segir:

„Til að greina og meta ógnir og áhættu við net- og upplýsingakerfi mikilvægra innviða getur Póst- og fjarskiptastofnun óskað eftir að komið skuli upp sjálfvirkri upplýsingamiðlun á milli kerfa hlutaðeigandi mikilvægra innviða og netöryggissveitar.“



Í ákvæðinu felst að Póst- og fjarskiptastofnun geti ekki einhliða gert kröfu um slíka upplýsingamiðlun heldur einungis lagt fram beiðni um að slíkri sjálfvirkri upplýsingamiðlun verði komið á. Landsvirkjun styður það og telur eðlilegt að áður en óskað er eftir sjálfvirkri upplýsingamiðlun eigi sér stað viðræður milli stofnunarinnar og viðkomandi aðila. Ef upplýsingamiðlun á milli netöryggisveitar og mikilvægra innviða er fullnægjandi er ekki þörf á sjálfvirkri upplýsingamiðlun með þeim hætti að netöryggisveitin komi fyrir sérstökum búnaði innan fyrirtækja og stofnana, heldur geta viðkomandi aðilar sinnt eigin öryggisvörslu. Er þessi tillaga að framkvæmd til samræmis við framkvæmd á norðurlöndunum. Landsvirkjun telur að ef rekstraraðilar búa yfir nægilegri þekkingu og tæknilegri getu til þess að sinna eigin vörnum, sé ekki þörf á því að opinber aðili sé settur í þetta hlutverk. Að mati Landsvirkjunar getur skapast af því hætta að tengja öll netkerfi mikilvæga innviða inn á sama tengipunkt eða hjá netöryggisveitinni.

Í þessu sambandi vísar Landsvirkjun einnig til 5. mgr. 14. gr. þar sem segir:

„Netöryggisveit skal fylgja skjalfestum vinnureglum um öflun upplýsinga og gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi og eyðingu gagna, svo og aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja friðhelgi einkalífs og öryggis- og viðskiptahagsmuni aðila.“

Landsvirkjun tekur undir nauðsyn þess að tryggja þessa þætti og að fylgt sé skjalfestum vinnureglum. Afar mikilvægt er að áfram verði tryggt að aðilar sem lögin taka til geti haldið áfram að sinna innra eftirliti og að afskipti netöryggisveitar takmarkist eins og kostur er við að upplýsa og leiðbeina fyrirtækjum í því augnamiði að gera kerfin öruggari með lágmarks kostnaði án þess að taka yfir skyldur fyrirtækjanna að reka eigin kerfi á sem öruggastan máta.

ii. 21. gr. vinnsla persónuupplýsinga

Í 1. mgr. 21. gr. frumvarpsins segir meðal annars:

„Ef rökstuddur grunur er um að einstakar sendingar innihaldi spillikóða er netöryggisveit heimilt, með samþykki mikilvægra innviða og án samþykkis hins skráða, að greina efni einstakra fjarskiptasendinga til og frá neti mikilvægra innviða.“

Landsvirkjun telur að heimildin eigi einvörðungu að taka til þeirra sem eru í þjónustu netöryggisveitar og að nýtingu heimildar þurfi að takmarka eins og nokkur kostur er. Jafnframt þurfi að bæta við í greinina að hlutaðeigandi aðilum skuli tilkynnt ef gögn þeirra eru skoðuð. Mikilvægt er að þessi grein heimili ekki netöryggisveit að fylgjast með netumferð í landinu án samþykkis eða vitundar þeirra sem verða fyrir eftirlitinu.

Landsvirkjunar er reiðubúin til að skýra sjónarmið sín betur og mæta á fund nefndarinnar verði óskað eftir því.

Virðingarfyllst,

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri